

Föstudaginn 2. marz 1951.

Nr. 138/1950. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)
 gegn

Jens Pauli Paulson (Lárus Fjeldsted).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
 og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
 Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans
 Hallvarðssonar.

Landhelgismál.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýri-
 mannaskólans markað stað þann á sjóupprátt, þar sem varð-
 skipið Óðinn stóð ákærða að veiðum 18. október s.l., sam-
 kvæmt staðarákvörðun varðskipsins. Staður þessi reyndist
 um 1 sjómílu innan landhelgislínu.

Gullgildi íslenzku krónunnar er nú hið sama og var við upp-
 kvaðningu héraðsdóms.

Að þessu athuguðu þykir mega staðfesta héraðsdóm með
 skírskotun til forsendna hans, þó svo, að greiðslufrestur
 sektarinnar sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing
 verði 45 daga varðhald.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að gera ákærða að
 greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-
 flutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00
 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Pauli Paulson, sæti 7500 króna sekt til
 ríkissjóðs, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar,
 ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu
 dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra
 og sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar
 með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðar 19. okt. 1950.

Mál þetta er höfðað af valdsstjórnarinnar hálfu gegn Jens Pauli Paulson, skipstjóra á færeyska fiskiskipinu C&M Slater, T.N. 117, frá Thorshavn, til heimilis Toftum í Færeyjum, til refsingar fyrir ætlað brot hans á lögum nr. 33 frá 1922, sbr. lög nr. 31 frá 1948, sbr. enn fremur lög nr. 4 frá 1924, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 1. nóvember 1920. Hann hefur ekki, svo vitað sé, áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Í gærðag var varðskipið Óðinn á leið frá Skálum inn á Bakkaflóa og kom þá að C&M Slater, T.N. 117, er var þar að draga línu. Varðskipið nam staðar hjá línuveiðaranum kl. 09.15. Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við línuból frá C&M Slater, þar sem varðskipið nam staðar. Rætur Gunnólfsvíkurfjalls = Fagranes og hornið til Digraness 68° 20', dýpi 70 m. Gefur það staðinn 1.2 sjm innan landhelgislínu, eftir því sem segir í skýrslu skipherrans á varðskipinu.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu skipherrans á varðskipinu rétta í öllum greinum.

Með umræddri skýrslu skipherrans og með eigin játningu ákærða er þannig sannað í máli þessu, að ákærði hefur verið á skipi sínu C&M Slater að fiskveiðum í landhelgi með línu.

Með þessum fiskveiðum í landhelgi hefur ákærði gerzt brotlegur við ákvæði 1. gr. laga nr. 33 frá 19. júní 1922, og varðar það hann refsingu samkvæmt 1. gr. laga nr. 31 frá 1. apríl 1948, sbr. lög nr. 4 frá 11. apríl 1924.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af gullgildi íslensku krónunnar í dag, 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, hæfilega ákveðin 7500 króna sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri og allur aflur innanborðs í línuveiðaranum C&M Slater, T.N. 117, vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Pauli Paulson, greiði 7500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri og allur aflí, sem er í línuveiðaranum C&M Slater, T.N. 117, sé upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt með aðför að lögum.

Laugardaginn 3. marz 1951.

Nr. 130/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Jóni Grétari Sigurðssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um öflun rækilegri skýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Rétt þykir að leggja fyrir sakadómarann í Reykjavík að framkvæma rækilega framhaldsrannsókn í máli þessu, áður en dómur verður á það lagður í Hæstarétti.

a) Prófa ber vitnið Jón Bergsson miklu nákvæmar en þegar er orðið. Benda ber honum á, að framburður hans um ókunnugleika hans hér í bæ, einkum á þeim stöðum, þar sem slysið varð, og í nánd við Íþróttavöllinn, sé mjög ósennilegur. Skal hann látinn gera betri grein en hann hefur þegar gert fyrir frásögn sinni um þetta.

b) Vitnið Jón Bergsson skal spurður af nýju um akstur ákærða og hans um bæinn kveld það, er slysið varð. Sá framburður hans, að hann muni ekki, hvort þeir félagar óku Hringbraut, er þeir komu frá Ljósvallagötu 8 í síðara skiptið um-rætt kveld, fær tæplega staðizt. Vitnið Þorsteinn Þorsteinsson kveðst hafa elt bíl þann, er slysinu olli, suður Melaveg og séð hann hverfa vestur með Íþróttavellinum að sunnan. Segist Þorsteinn þá hafa snúið við og staðnæmzt á Suðurgötu við Hringbraut. Rétt á eftir hafi Jeppabíll komið vestan við Íþróttavöllinn, ekið út á Hringbrautina og beygt norður Suðurgötu. Kveðst Þorsteinn hafa verið þess fullviss, að þetta